LANDLÆKNIR

Reykjavík, 06.06.1990

Alþingi
Heilbrigðis- og tryggingnefnd Neðri deildar
Þorsteinn Magnússon nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Tilvísun okkar: ÓÓ/VI/kg

Tilvísun yðar:

Alþingi
Erindi nr. Þ 112/1265
komudagur 8/6 1990

Landlæknisembættið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 með síðari breytingum.

Nú berast embættinu árlega um 200 kvartanir eða kærur vegna heilbrigðisþjónustunnar. Án efa er fjöldi slíkra mála meiri en þessi tala gefur til kynna því að einungis sum mál berast til embættisins. Þó þetta séu ekki mörg mál miðað við samskipti almennings við heilbrigðisþjónustuna, sem er um 1,3 milljónir á ári þá þarf að sinna þessum málum. Oft koma til embættisins mál sem hefði mátt leysa á fyrri stigum með góðum skýringum og upplýsingum t.d. um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru varðandi sjúklinga. Ég styð heilshugar framangreint frumvarp en hef þó nokkrar athugasemdir við framvarpið eins og það liggur nú fyrir.

1) Vegna stærðar og starfsemi almennra sjúkrahúsa tel ég ekki þörf á að þar sé starfandi trúnaðarmaður. Ég legg því til að málsgreininni *"Við sjúkrahús sbr. 1.-3. tölulið ....."* verði breytt þannig **að þar standi sbr. 1. og 2. tölulið.**

2) Sérhæfðar barna-, krabbameins- og gjörgæsludeildir eru einungis á svæðisskiptum sjúkrahúsum og ekki einhlítt að þar komi alltaf upp erfiðustu málin. Margar kvartanir sem landlækni berast tengjast t.d. fæðingardeildum og slysadeildum. Því tel ég rétt að setningin *"Við sjúkrahús sbr. 1. tölulið 1. mgr. 24. gr. skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólarhringinn sem og á öllum barna-, krabbameins- og gjörgæsludeildum"* verði breytt þannig: **Við sjúkrahús sbr. 1. tölulið 1. mgr. 24. gr. skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólahringinn.**

3) Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er kveðið að réttu á um þagnarskyldu og viðurlög við brotum á starfsskyldum. Vitnað er í sitt hvor lögin þ.e. læknalög og hjúkrunarlög. Í öllum lögum og reglugerðum heilbrigðisstétta er tekið á þessum þáttum. Því tel ég réttara að vísað sé til laga eða reglugerða sem við eiga um viðkomandi starfsmann. Málsgreinin gæti því hljóðað svo: **Um þagnarskyldu trúnaðarmanns og viðurlög við brotum á starfsskyldum fer eftir ákvæðum þeirra laga eða reglugerða sem viðkomandi trúnaðarmaður hefur starfsleyfi sitt samkvæmt.**

Ólafur Ólafsson
landlæknir

Landlæknir
Laugavegi 116
150 Reykjavík

Sími 91-27555

Telex: 2050
2225 extern is
Telefax: 623716